

Stjórnarfundur STEFs 19. janúar 2022

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs miðvikudaginn 19. janúar 2022 og hófst hann kl. 10:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Páll Ragnar Pálsson, Sigríður Thorlacius og Sigurður Flosason. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 9. desember svo og útdráttur voru lögð fram og samþykkt.
2. Fundargerð fulltrúaráðsfundar frá 9. desember var lögð fram til upplýsingar.
3. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram.

Lögð voru enn fremur fram eftirfarandi skjöl:

- a) Rafrænt fréttabréf STEFs.
- b) Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna eftirlitsskyldu með sameiginlegum umsýslustofnum.
- c) Svarbréf STEFs til mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna eftirlitsskyldu með sameiginlegum umsýslustofnunum.
- d) Bréf til menningar- og viðskiptamálaráðherra frá samráðshópi tónlistariðnaðarins vegna tekjufallsstyrkja dagsett 7. janúar 2022.
- e) Bréf til menningar- og viðskiptamálaráðherra frá samráðshópi tónlistariðnaðarins vegna aðgerða fyrir tónlist dagsett 16. janúar 2022.
- f) Bréf til menningar- og viðskiptamálaráðherra – Bætur til tónhöfunda.
- g) IHM – Gerðardómur. Lögð er fram greinargerð STEFs, ásamt tveimur fylgiskjölum.
- h) Bréf STEFs til mennta- og menningarmálaráðuneytis með ósk um skipun úrskurðarnefndar vegna ágreinings við RÚV.
- i) Lit yfir erlendar tekjur 2021.
- j) Yfirlit yfir tekjur frá *Polaris Hub* 2021.
- k) Hugmyndir af fræðsluviðburðum á árinu 2022.

Þá upplýsti framkvæmdastjóri einnig um að fyrirhugað væri að halda lítinn viðburð fyrir kvikmyndatónskáld þann 12. febrúar, samhliða verðlaunaafhendingu Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna.

Framkvæmdastjóri minntist einnig á undirbúning fyrir kosningu fulltrúaráðs og framboðsfresti í því sambandi.

Þá fór framkvæmdastjóri einnig yfir hvernig til hefur tekist með innleiðingu breytinga á starfsskyldum og skipulagi innan STEF, sem samþykktar voru um sumarið 2021, en innleiðingin telst nú vera um

garð gengin. Var það mat framkvæmdastjóra að innleiðingin hefði í öllum aðalatriðum gengið mjög vel fyrir sig og að almenn ánægja væri með breytingarnar.

4. Endurskoðun úthlutunarreglna – í framhaldi af fulltrúaráðsfundi STEFs í desember.

Rætt var um að stjórn STEFs þyrfti að móta sér afstöðu til þeirra tillagna sem nefnd um endurskoðun úthlutunarreglna hefði kynnt fyrir stjórn og síðan fulltrúaráði í desember. Bragi Valdimar og Þórunn Gréta sögðu að verið væri að skoða málin innan sinna félaga og að einnig væri stefnt að því að taka spjallfundi í minni hópum fram að næsta stjórnarfundi. Páll Ragnar nefndi í þessu sambandi að mikilvægt væri fyrir STEF að reyna að finna lausn sem væri til þess fallin að víðtæk sátt ríkti um. Framkvæmdastjóri upplýsti að nefndin um endurskoðun úthlutunarreglna myndi funda aftur og myndi senda skjal til stjórnar með endanlegum tillögum.

5. Úthlutun fyrir bakgrunnstónlist.

Lagt var fram minnisblað, þar sem gerð er grein fyrir því hvernig úthlutun fyrir bakgrunnstónlist er háttað í dag, að því leyti sem sleppir tónlistarskýrslum (úthlutað með ákvörðun nefndar um sígræna tónlist svo og nefndar um dansleiki, mannfagnaði og bakgrunnstónlist og síðan í hlutfalli við úthlutun fyrir útvarp og sjónvarp). Í minnisblaðinu var einnig að finna tillögu frá skrifstofu STEFs um hvernig hægt væri að gera breytingar á þessari úthlutun, með það að markmiði að hún sé nær því að þeir höfundar sem eigi tónlist sem raunverulega er flutt í bakgrunni fái úthlutað fyrir flutninginn, með því að nota úthlutun fyrir streymi sem meginforsendu úthlutunar.

Ákveðið var að bíða með að samþykkja þessa tilteknu breytingu á verklagi um úthlutun en að hún verði hluti af þeim breytingum á úthlutunarreglum sem gert er ráð fyrir að fulltrúaráð STEFs fjalli um á næsta fundi sínum. Gert er ráð fyrir því að úthlutun á grundvelli huglægs mats nefnda verði aflagt og að úthlutunarreglurnar setji síðan ákveðinn ramma og að stjórn geti innan hans tekið ákvarðanir frá einum tíma til annars um nákvæma tilhögun úthlutunarinnar.

6. Leiðrétting úthlutunar fyrir tiltekinn meðlim STEFs.

Málið var kynnt fyrir stjórn, en ákveðið að fresta ákvörðun þar til nánari upplýsingar hafa borist erlendis frá.

7. Stefnumótun STEFs.

Lögð voru fram drög að samantekt KPMG að stefnumótun STEFs 2022-2024 til kynningar. Þessari samantekt er ætlað að sýna lykilatriði stefnumótunarinnar og eftir að þau hafa verið samþykkt er hægt að setja inn í hana nákvæmari markmið og aðgerðir. Áður hafði stjórn fengið afhent til sín niðurstöður stefnumótunar starfsfólks auk niðurstöður stefnumótunar stjórnar frá því sl. haust. Óskað var eftir því að stjórnarmenn kæmu með athugasemdir við þessi drög frá KPMG fyrir næsta stjórnarfund, en gert væri ráð fyrir því að hægt væri að samþykkja þau þá.

8. Ákvörðun Langspilshafa 2022.

Lagður er fram listi með nokkrum nöfnum sem til greina koma. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að veita tilteknum meðlimi STEFs næstu Langspilsverðlaun, en upplýst verður opinberlega um verðlaunahafann í vor.

9. Laufásvegur 40, fundar- og símaaðstaða.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að með því að stór hluti starfsfólks væri í opnu rými og að eina fundarherbergið sé kjallari Laufásvegar, sem að erfitt væri að loka af gagnvart annarri starfsemi hússins, væri erfitt fyrir starfsfólk að taka samtöl t.d. í síma eða í minni hópum. Ýmsar lausnir hefðu verið skoðaðar í þeim efnum. Óskaði framkvæmdastjóri eftir því að fá innanhúsarkitekt þann sem kom að hönnun og smíði „kaffihornsins“ til að taka út húsnæðið í þessu samhengi og leggja til lausnir. Var það samþykkt auk þess sem stjórnin óskaði eftir því að einnig yrði skoðað hvort hægt væri að nýta betur það pláss sem væri til staðar í bílskúrnunum.

10. Önnur mál.

- Framkvæmdastjóri greinir frá hugmynd um að reyna að fá umfjöllun hjá alþjóðlegum fjölmiðlum vegna svindlistamanna á Spotify. Var hugmyndinni fagnað enda um stórt hagsmunamál tónhöfuna að ræða.
- Beiðni Jóhanns Helgasonar um styrk vegna dómsmáls í Bandaríkjunum. Stjórn STEFs ákvað að sýna þessari baráttu Jóhanns stuðning og aðstoða hann við að taka síðasta mögulega skrefið í málsókn hans og freista þess að fá málið tekið upp af Hæstarétti þar. Var ákveðið að veita honum styrk að fjárhæð kr. 500.000, en auk þess var heimilað að hann fengi tiltekna fyrirframgreiðslu á höfundaréttargreiðslum STEFs.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:15.